

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
 Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn
 af kröfum stefnanda, Braga Björnssonar, í máli þessu.
 Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. maí 1982.

Nr. 211/1979. **Þorgeir Halldórsson**
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 (Gunnlaugur Claessen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Niðurlanging stöðu. Krafa samkvæmt
 14. gr. laga nr. 38/1954 ekki tekin til greina.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1979. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 22.809.21 krónu með 19% ársvöxtum af 3.285.95 krónum frá 1. ágúst 1978 til 1. september s. á., af 6.571.90 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 10.149.80 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af 13.727.70 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á. og af 17.305.60 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1979. Frá þeim degi greiðist ársvextir af 22.809.21 krónu sem hér segir: 19% til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 15. s. m., 39.5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní s. á. og síðan 39% frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og

frá þeim degi hæstu innlánsvextir hvers tíma til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa hans er sú, að hann verði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en 8.947.02 krónur með 19% ársvöxtum af 3.009.95 krónum frá 1. júlí 1978 til 1. ágúst s. á., af 6.199.90 krónum frá þeim degi til 1. september s. á., af 6.886.68 krónum frá þeim degi til 1. október s. á., af 7.573.46 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s. á. og af 8.260.24 krónum frá þeim degi til 1. desember s. á. Frá þeim degi greiði hann ársvexti af 8.947.02 krónum, eins og áfrýjandi krefst. Þá krefst stefndi þess, að málskostnaður falli niður.

2. varakrafa stefnda er sú, að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar og málskostnaður falli niður.

Fyrri varakrafa stefnda er fundin með því að leggja saman laun eftir 11. launaflokki, 3. þrepi, í samningum bankamanna í júlí og ágúst 1978 og launamismun milli þess flokks og 16. flokks, 3. þreps, í kjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB í september-desember sama ár. Er þá tekið mið af launum áfrýjanda hjá Brunabótafélagi Íslands, þar sem hann hóf störf í september 1978, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu er ekki deilt um, að uppsagnarfrestur eftir bréfi því, sem áfrýjanda var sent 15. mars 1978 og getið er í héraðsdómi, hafi verið nægilegur, heldur einungis um það, hvort áfrýjandi eigi rétt til launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 vegna þess, að staða hans hafi verið lögð niður. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með tilvísun til forsendna hans.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1979.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Þorgeir Halldórsson, Lambastaðabraut 4, Seltjarnarnesi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. febrúar 1979, gegn fjámálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhváli, Reykjavík, til greiðslu á bótum og orlofsfé, samtals að fjárhæð kr. 2.280.921 með 19% ársvöxtum af kr. 328.595 frá 1. ágúst 1978 til 1. september 1978, af kr. 657.190 frá þeim degi til 1. okt. 1978, af kr. 1.014.980 frá þeim degi til 1. nóv. 1978, af kr. 1.372.770 frá þeim degi til 1. des. 1978, af kr. 1.730.560 frá þeim degi til 1. jan. 1979 og af kr. 2.280.921 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda með samþykki lögmanns stefnda vaxtakröfu sinni á þá leið, að krefjast 19% ársvaxta af stefnufjárhæðum til 1. júní 1979, en 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við þingfestingu málsins var lagt fram samkomulag aðilja um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Hér fyrir dómi hefur verið leitað um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði á árinu 1973. Skriflegur ráðningarsamningur mun ekki hafa verið gerður við hann. Ráðning stefnanda var byggð á kjarasamningum bankamanna, og þáði hann laun samkvæmt 11. launaflokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna. Hann naut aðildar að Lífeyrissjóði verslunarmanna, meðan hann starfaði hjá Viðlagasjóði. Með bréfi, dags. 15. mars 1978, dskj. 3, var stefnanda sagt upp störfum hjá Viðlagasjóði með þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við 1. apríl 1978. Stefnandi vann allan uppsagnarfrestinn og lét af störfum 30. júní 1978, en þá lauk starfsemi Viðlagasjóðs. Stefnandi mun hafa hafið störf hjá Brunabótafélagi Íslands í september 1978, og þiggur hann þar laun skv. 16. launaflokki.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu sex mánaða launa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa.

Fram kom hjá stefnanda, að hann hafi hafið störf hjá Viðlagasjóði 10. júlí 1973 og hafi hann verið ráðinn eftir auglýsingu í Morgunblaðinu á dskj. 14. Áður en stefnandi hóf störf hjá Viðlagasjóði, kvaðst hann hafa verið í verkamannavinnu. En stefnandi hafi unnið í 11 ár hjá Flugleiðum, það starf hafi mest verið á flugvelli, og kvaðst stefnandi hafa verið erlendis í 8 ár, en 2 ár hér heima og þá hafi stefnandi verið í Lífeyrissjóði verslunarmanna og því hafi verið haldið áfram starfstíma stefnanda hjá Viðlagasjóði. Stefnandi sagði, að það hafi verið að frumkvæði sinna yfirboðara, hann hafi einskis spurt, þegar hann réð sig. Hallgrímur Sigurðsson hafi ráðið stefnanda til starfsins og hafi hann gefið stefnanda upp, hvað stefnandi mundi fá í laun, en ekki hafi verið rætt um kjör að öðru leyti og ekki ráðningartíma heldur, nema bara að þarna væri mikið starf að vinna og það hafi reynst rétt. Stefnanda hafi ekki verið sagt frá því, að launin væru miðuð við banka-menn, en allir starfsmenn sjóðsins hafi haft 13 mánaðalaun. Stefnandi kvaðst ímynda sér, að laun hans hafi verið ámóta og laun við sambærileg störf hjá ríkinu. Stefnandi kvaðst hafa reiknað með, að starfið hjá Viðlagasjóði yrði framtíðarstarf. Stefnandi kvaðst nú ekki vita, hvort hann hafi verið að hugsa um æviráðningu, þegar hann réðst til starfa hjá sjóðnum, en vinnan hafi verið óheyrliga mikil og maður hafi ekki getað séð annað en að það mundi taka mörg mörg ár. Síðan hafi landsdeild verið stofnuð og hafi honum fundist allt bera að sama brunni, að það yrði einhver stofnun í þjóðfélaginu, sem mundi sjá um afleiðingar náttúruhamfara.

Eftir að stefnandi var búinn að starfa hjá Viðlagasjóði í 3—4 ár, hafi framkvæmdastjóri Viðlagasjóðs skrifað fjármálaráðuneytinu bréf og ríkisendurskoðun varðandi aðild starfsmanna sjóðsins að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, en engin svör hafi borist við bréfum þessum. Þegar þetta var, hafi starfsmennirnir verið stefnandi og Helga Óskarsdóttir. Starfið hafi minnkað og aðrir starfsmenn hafi horfið á braut. Engum starfsmanni hafi verið sagt upp. Nokkrir voru frá Vestmannaeyjum og þeir hafi farið til síns heima. Þetta hafi skammtað sig nokkurn veginn sjálft. Í lögum um Viðlagatryggingu standi: „Hún skal enga starfsmenn hafa.“ En stefnandi kvaðst hafa viljað vinna fyrir Viðlagatryggingu, ef það hefði verið á boðstólum.

Stefnandi kvaðst í lengstu lög hafa haldið í þá von, að einhver yrði að sinna bæði verkum fyrir Viðlagatryggingu og eins hafi verið mikið af vinnu ólokið, þegar starfsmennirnir voru látnir

hætta. Ýmsar blikur hafi verið búnar að vera á lofti, en starfsmennirnir hafi eiginlega ekki trúað þessu, en fundið samt kannski á sér, að það gæti svo farið. Stefnandi kvaðst hafa haldið, að starfinu yrði haldið áfram, eftir að hann fékk uppsagnarbréfið, og honum hafi orðið ljóst, 30. júní 1978, að svo yrði ekki.

Stefnandi kvaðst hafa verið atvinnulaus í júlí og ágúst 1978, en svo hafið starf hjá Brunabótafélagi Íslands og í því starfi taki hann laun skv. 16. launaflokki.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Viðlagasjóður hafi verið ríkisstofnun, sbr. lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey. Stefnandi hafi því verið ríkisstarfsmaður. Þar sem stefnandi hafi verið ríkisstarfsmaður, þá fari um réttarstöðu hans samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæði 14. gr. laganna tryggi mönnum bætur, þegar staða er lögð niður. Bæturnar séu ákveðnar þannig, að starfsmaðurinn eigi að fá bætur, sem svari til fastra launa, er starfanum fylgdi, í sex mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef þjónustualdurinn sé skemmri en 15 ár. Af þessu ákvæði leiði, að stefnandi eigi rétt til launa tímabilið 1. júlí 1978 til 31. desember 1978. Stefnufjárhæðin miðist við þann launaflokk og launaþrep, sem stefnandi var í, er hann lét af starfi, að viðbættum 8.33% vegna orlofs. Stefnandi hafi þegið laun skv. 11. launaflokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna. Stefnandi hafi tekið laun sín eftir á fyrir hvern mánuð.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Laun í júlí 1978, sbr. dskj. 8, bls. 3	kr.	328.970
Laun í ágúst 1978, dskj. 8, bls. 3	—	328.970
Laun í september 1978, sbr. dskj. 9	—	357.790
Laun í október 1978, sbr. dskj. 9	—	357.790
Laun í nóvember 1978, sbr. dskj. 9	—	357.790
Laun í desember 1978, sbr. dskj. 10	—	374.970
		Kr. 2.105.530 (sic)
Til viðbótar orlof 8.33%	—	175.391
Samtals		kr. 2.280.921 (sic)

Viðlagasjóður hafi verið lagður niður 30. júní 1978. Ástæða til uppsagnar stefnanda hafi þannig verið alfarið byggð á því, að staða

stefnanda var lögð niður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 tryggi starfsmönnum bætur, þegar staða er lögð niður, ýmist með sex mánaða launum eða tólf mánaða launum, frá því að viðkomandi lét af starfi. Handhafi ríkisvaldsins, í þessu tilfelli Viðlagasjóður, geti ekki tekið þennan lögákveðna bótarétt af starfsmönnum sínum. Bent er á eftirtalda dóma Hæstaréttar þessu til stuðnings, 1965, bls. 400, 1966, bls., 275, 1964, bls. 936, 942, 948 og 954. Enn fremur Hrd. 1953, bls. 231 og 318, og Hrd. 1954, bls. 127.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að í auglýsingunni á dskj. 15 sé ekki tekið fram, að um tímabundið starf sé að ræða. En eftir þessari auglýsingu hafi stefnandi verið ráðinn til starfa fyrir Viðlagasjóð. Ekki hafi heldur verið tekið fram við ráðningu stefnanda, að um tímabundið starf væri að ræða. Ekki komi fram í lögum um Viðlagasjóð, að sjóðurinn sé skammtímastofnun. Nú sinni Viðlagatrygging Íslands verkefnum Viðlagasjóðs.

Lög nr. 38/1954 taki til allra ríkisstarfsmanna og séu þau ófrá-víkjanleg. Í málinu sé hvorki tölulegur ágreiningur né ágreiningur um málavexti, heldur einungis um réttarstöðu stefnanda, eða túlkun á 14. gr. laga nr. 38/1954, en vafalaust sé, að ákvæði þeirrar greinar eigi við um stefnanda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stofnast hafi bótaskylda ríkissjóðs vegna þess, að stefnanda var sagt upp störfum hjá Viðlagasjóði. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 geti ekki að réttu lagi átt við um starfsemi Viðlagasjóðs, enda hafi verkefni sjóðsins verið þess eðlis, að þeim hafi verið markaður aldur þegar í upphafi.

Í kjölfar jarðelda, sem brutust út á Heimaey á öndverðu ári 1973, hafi verið sett lög nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey. Samkvæmt lögum þessum hafi Viðlagasjóður verið settur á fót, en hlutverk hans hafi m. a. verið að stuðla að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum með hvers kyns fyrirgreiðslu og tjónbótum og draga þannig úr áhrifum náttúruhamfaranna á afkomu og atvinnulíf Vestmannaeyinga og þjóðarheildarinnar. Viðlagasjóður hafi tekið við verkefnum svonefndrar Vestmannaeyjanefndar, sem starfað hafði að neyðarráðstöfunum í þrjár vikur. Vestmannaeyjanefnd hafi þegar ráðið sér starfsmenn, sem fengnir voru að láni úr bönkum. Fyrstu starfsmennirnir á skrifstofu Viðlagasjóðs hafi verið bankamenn. Það hafi verið mat stjórnar sjóðsins, að erfitt mundi verða að fá fólk til þessara starfa, nema með því móti að fá það lánað úr öðrum.

störfum. Í því sambandi hafi einkum verið treyst á bankana og hafi verið ákveðið að miða launakjör við kjarasamninga banka- starfsmanna.

Þótt Viðlagasjóður hafi verið stofnaður með lögum í því skyni að tryggja stuðning ríkisvaldsins vegna einstæðra náttúruhamfara í Vestmannaeyjum og þar með að sínu leyti verið „ríkisstofnun“, hafi tilvist hans verið svo sérstaks eðlis, að um hann hljóti að gilda sérsjónarmið að verulegu leyti. Viðlagasjóður hafi orðið til vegna einstakra atburða og hafi aldrei verið ætlað að starfa nema um tiltölulega skamma hríð, þar til brýnasta endurreisnar- starfi í Vestmannaeyjum væri lokið. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 geti því ekki tekið til starfrækslu og starfsmanna Viðlagasjóðs í einu og öllu, þótt rétt sé að taka mið af meginreglum þeirra eftir því sem við kunni að eiga. Starfs- menn Viðlagasjóðs hafi því ekki verið ríkisstarfsmenn í þeim skilningi, að þeir nytu óskoraðrar réttarstöðu starfsmannalaganna á borð við starfsmenn ríkisins yfirleitt, enda hafi stefnandi verið allan tímann félagi í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Með hliðsjón af eðli og tilgangi Viðlagasjóðs sé sérstaklega fjarstætt, að ákvæði laganna um æviráðningu og niðurlagningu stöðu geti tekið til starfsmanna hans.

Fallist rétturinn ekki á þessar röksemdir og telji, að ákvæði laga nr. 38/1954 eigi hér að öllu leyti við, beri engu að síður að sýkna stefnda. Samkvæmt 14. gr. laganna sé það skilyrði bóta vegna niðurlagningar stöðu, að starfsmaður hafi ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Stefnandi hafi tekið við starfi hjá Brunabótafélagi Íslands aðeins tveim mánuðum eftir starfslok Viðlagasjóðs. Þar sem ekki hafi verið fram á það sýnt, að störf stefnanda hjá Brunabótafélagi Íslands og Viðlaga- sjóði séu ekki í meginatriðum sambærileg um virðingu og réttar- gæði, beri að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu, að bótaskil- yrði 14. gr. sé ekki fullnægt.

Þá megi að lokum á það minna, hver var hinn raunverulegi tilgangur með setningu 14. gr. laga nr. 38/1954. Í greinargerð með frumvarpinu til þessara laga á sínum tíma hafi það verið tekið fram, að annar megintilgangur 14. gr. væri sá „að tryggja þeim starfsmanni, er staða hans er lögð niður, t. d. af sparnaðar- ástæðum, laun, sem svari ríflegum uppsagnarfresti.“ Hér sé við það miðað, að eðlilegt sé, að sá starfsmaður, sem ekkert hafi til saka unnið, njóti betri réttar en hinn, sem af gildum ástæðum er vikið frá störfum gegn vilja sínum. Þetta sé gert í því skyni, að

starfsmaðurinn fái nægilegt ráðrúm til að afla sér nýrrar atvinnu án þess að skaðast fjárhagslega á þeim biðtíma, sem þarna kann að myndast. Það hafi verið ljóst þegar á árinu 1975, að Viðlagasjóði hafi verið ætlað að ljúka störfum í árslok 1976 og Viðlagatrygging Íslands skyldi þá taka við af honum, sbr. lög nr. 52/1975. Á sameiginlegum fundi stjórna Viðlagasjóðs og Viðlagatryggingar 29. desember 1976 hafi verið gengið frá yfirtöku Viðlagatryggingar á málefnum Viðlagasjóðs, en þennan dag hafi sjóðsstjórnin lokið störfum sínum og umboð hennar hafi runnið út á síðasta degi þessa árs. Hins vegar hafi orðið verulegar tafir á því, að unnt væri að ljúka ýmsum uppgjörum, einkum við Vestmannaeyjakaupstað og Síldarvinnsluna á Norðfirði, svo og frágangi á nokkrum eignasölum. Því hafi orðið að ráði, að nokkrir starfsmenn Viðlagasjóðs héldu áfram störfum og þá á ábyrgð Viðlagatryggingarinnar, sbr. dskj. 13. Á fundi stjórnar Viðlagatryggingar Íslands hinn 10. mars 1978 hafi verið ákveðið, að starfsemi skrifstofu Viðlagasjóðs yrði hætt 30. júní 1978 í síðasta lagi, og hafi öllu starfsfólki verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Stefnanda hafi því verið ljóst um langa hríð, að hverju stefndi, og hafi hann haft óvenju gott tóm til þess að leita sér nýrra starfa. Stefnukrafan sé því auk alls annars í augljósri og beinni andstöðu við megintilgang 14. gr. laga nr. 38/1954. Sú staðreynd hljóti að styðja sýknukröfu stefnda, ef ákvæði 14. gr. þessara laga verði yfirleitt talin eiga hér við.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að á dskj. 20 og 21 sjáist, hvaða ríkisstarfsmenn hafi notið sambærilegra launa og stefnandi. Ef til vill hafi stefnandi fengið svo há laun, vegna þess að um tímabundið starf var að ræða. Laun stefnanda hafi ekki verið í neinu samræmi við laun annarra starfsmanna ríkisins.

IV.

Álit dómsins.

Þegar litið er til aðdraganda að stofnun Viðlagasjóðs, þ. e. eldgossins á Heimaey, og hlutverks sjóðsins skv. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973, þykir það hafa líkur gegn sér, að við ráðningu starfsmanna sjóðsins hafi verið stofnað til æviráðningar starfsmanna.

Þá er stefnandi réðst til starfa hjá Viðlagasjóði 10. júlí 1973, voru í gildi lög um Viðlagasjóð nr. 4 frá 7. febrúar 1973 og reglugerð nr. 62 frá 27. mars 1973. Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar

1975 var stofnuð til bráðabirgða sérstök deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóða, sem féllu á Norðfirði 20. desember 1974. Í lögum þessum er mælt fyrir um tímabundna fjáröflun til Viðlagasjóðs og skiptingu tekna á milli Norðfjarðardeildar og vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Í 6. gr. laganna er stjórn Viðlagasjóðs heimilað í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu. Lög um Viðlagatryggingu Íslands eru nr. 52 frá 27. maí 1975. Samkvæmt 21. gr. þeirra skal Viðlagatrygging Íslands taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs 1. janúar 1977, enda féllu þann dag úr gildi lög nr. 4/1973 og lög nr. 5/1975.

Það er álit dómsins, að lög þau og reglugerð, sem í gildi voru um Viðlagasjóð, þegar stefnandi hóf störf hjá sjóðnum, hafi ekki gefið stefnanda tilefni til þess að reikna með framtíðarstarfi hjá Viðlagasjóði. Eftir setningu laga nr. 52/1975 mátti stefnanda vera ljóst, að ætlunin var, að Viðlagasjóður yrði lagður niður 1. janúar 1977 og jafnframt að Viðlagatryggingu Íslands væri ekki ætlað að hafa eigin starfsmenn. Jafnvel þótt orðalag 6. gr. laga nr. 5/1975 kunni að hafa gefið stefnanda tilefni til þess að reikna með framtíðarstarfi, þá þykir það ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa, og er þá m. a. litið til gildistíma ákvæðisins.

Stefnandi þáði laun samkvæmt 11. flokki, 3. þrepi, í kjarasamningi bankamanna. Dómskjöl 20 og 21 sýna, að laun þessi eru sambærileg við hæstu launaflokka BSRB.

Þegar litið er til hlutverks Viðlagasjóðs, launa stefnanda hjá sjóðnum, þess, að stefnandi var allan starfstíma sinn í Lífeyrisjóði verslunarmanna, þá þykir verða að fallast á þá skoðun stefnda, að 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við um það, þegar staða stefnanda hjá Viðlagasjóði var lögð niður.

Niðurstaða málsins er því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjámálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorgeirs Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.